



Halldór Pétursson við mynd sína af Ólafi Thors.

● **YFIRLITSSÝNING** á verkum Halldórs Péturssonar, listmálara, stendur nú yfir á Kjarvalsstöðum, en drifið var í þessari sýningu þegar uppgötvaðist að Halldór væri að verða sextugur. Á sýningunni eru myndir frá ýmsum æviskeiðum Halldórs, allt frá því að hann var þriggja ára og fram á þennan dag, sýnishorn af kímniáfu Halldórs, sem hann er löngu orðinn landsfrægur fyrir, úrval af bókaskreytingum hans og merkjum sem hann á heiðurinn að, svo sem Flugfélagsmerkinu, Reykjavíkurmerkinu og merki Rafmagnsveitu Reykjavíkur auk fjölda málverka. Myndirnar eru flestar til sölu en þó svo að fólk eigi ekki peninga til að kaupa myndirnar, er margt sem gleður augun, því að Halldór hefur verið heldur spar á opinberar sýningar á ferli sínum. Í viðtalinu hér á eftir segir Halldór lítið eitt af sjálfum sér og frá sýningunni.

# Halldór Pétursson lætur gamminn geysa á Kjarvalsstöðum

# lætur gamminn geysa á Kjarvalsstöðum



— Jens heitin Benediktsson, blaðamaður

„Það er svo skritið en einhver veginn finnst mér eins og þetta tilstand allt komi mér ekkert við. Eg var búinn að öllu, sem ég átti að gera sjálfur, fyrir um mánuði og lét þá eftirleikinn allan í hendurnar á unga fólkinu, dætrum mínum tveimur, syni og tengdasynti að ógleymdri Ólöfu Arnadóttur, sem er hinn eiginlegi hönnuður sýningarinnar. Þau hafa séð um það sem gera þurfti hér á Kjarvalsstöðum og ég hef aðeins verið áhorfandi.“

Við sitjum inni á auðri kaffistofunni á Kjarvalsstöðum, Halldór kveikir sér í sigarettu og

allt fas hans ber það með sér, að hann er dálítið utanvelta við yfirlitssýningu þá á verkum hans, sem búið er að setja upp í stóra salnum. Halldór er heldur ekki vanur stússi af þessu tagi.

„Þetta byrjaði eiginlega allt á því, að kunningjar mínir uppgötvaðu að ég var að verða sextugur.“ heldur Halldór áfram.

„Það gekk maður undir manns hönd til að fá mig til að samþykkja það að ráðast í yfirlitssýningu á því sem ég hef verið að fást við um dagana og ég lét undan eftir mikið sálarstríð. Eg er svo óvanur þessu, hef aðeins haldið eina opinbera sýningu um ævina og það var 1952 — fyrir utan karikatúrsýningu sem ég hélt á Laugaveginum í húsi Marteins. Fleiri sýningar hef ég ekki haldið, svo að mér óaði við tilhugsunina um að fara að efna til heillar yfirlitssýningar. En eftir að ég tók ákvörðun um að fara út í þetta, hef ég unnið að þessari sýningu heilshugar og ekkert lát-ið aftra mér.“

— Hvers vegna hefurðu ekki haldið fleiri sýningar?

„Ja, ætli það sé ekki aðallega það, að ég hef ekki tíma til að sinna málverkunum, eins og ég hefði viljað. Venjulega hef ég verið önnur kafinn við að fást við allt mögulegt sem pantað hefur verið hjá mér — bókaskreytingar, dútlad við portrett og þar fram eftir götunum. Það, sem ég hef málað á undanförunum árum, hefur selzt fljótlega og ég hef þess vegna aldrei getað komið mér upp



Skákstríðið mikla.



Óperustríðið mikla.

lager af myndum. Nú og í öðru lagi hefur mér kannski þótt það vera að bera í bakkafullan lækinn að auka við allar þær sýningar sem hér eru haldnar.“



Arni Thorsteinsson

„Það er eins og menn megi ekki kaupa pensla og liti án þess að þurfa að sýna árangurinn.“

Halldór segir að sér finnst óþarflega mikið af málverkasýningum í borginni. „Það er eins og menn megi ekki kaupa pensla og liti án þess að þurfa að sýna síðan árangurinn.“ segir hann. „Sjálfur fer ég ekki mjög oft á sýningar nú orðið, en sé þó allar helztu sýningar sem myndlistarlífið hér hefur upp á að bjóða.“

— Hvernig finnst þér frammi-staða okkar í myndlistinni?